

Breiðamerkursandur.

Sigurður Björnsson

Kvískerjum, Örefasveit

Í Landnámabók stendur: „Þórður Illugi son Eyvindar eikikróks braut skip sitt á Breiðársandi; honum gaf Hrollaugur land milli Jökulsár ok Kvíár, ok bjó undir Felli við Breiða.“

Þetta er fyrsta heimild um það svæði sem nú er nefnt Breiðamerkursandur og ber með sér að framan undir Breiðamerkursandur hefur verið gott undir bú. Raunar hafa menn talið að Fell, sem þarna er nefnt hafi verið nafn bæjar Þórðar, en samkvæmt venjulegu máli er þarna um nafn á fjalli að ræða, sem bærinn stóð við. Þar kemur ekki annað fjall til greina en það sem nú er nefnt Breiðamerkursandur og spurning er hvort þarna er um sérnafn að ræða. Að minnsta kosti hefur höfundur textans talið vissara að geta þess að það var við Breiða. En sé þetta sérnafn, er sú viðbót til að greina þetta Fell frá Felli í Fellshverfi.

Hér er gengið út frá því að bær Þórðar hafi verið bærinn Fjall, sem stóð við Bæjarsker í Breiðamerkursandur og jökull haldi síðustu leifar af árið 1700 (Blanda I). En hugsanlega má skilja þetta svo að bærinn hafi verið framan við fjallið, en staðið við Breiða. Þar var bær sem virðist hafa verið höfuðból á Söguöld og nefndur var Breiða. Hann kemur nokkuð við sögu í Njálu og með þeim hætti að hvort sem um arfsögn eða skáldskap er að ræða hlýtur Breiða að hafa verið mjög góð jörð. Engin ástæða er til að ætla að ekki hafi einnig verið svo um Fjall, en það hefur fyrr orðið fyrir skakkaföllum og eyðst af völdum vatna og jökla en Breiða, sem endanlega fór í eyði 1698 (Blanda I). Eflaust hefur verið búið þar meðan það var mögulegt, og má ráða af vísu frá þeim tíma að kýrnar hafi fallið vegna fódurskorts. Jökullinn var kominn svo nærri bænum, sem stóð þó 1709 að hann var kominn yfir bænhústóftina (Blanda I, 1918). Eftir það hefur hann gengið hægt fram til 1793, því Sveinn Pálsson sá hluta af túninu og túngarð þegar hann fór þar um (Ferðabók Sveins Pálssonar, 1945). Heimild frá 1525 segir bæinn heita Breiðármörk, og svo nefnir Ísleifur Einarsson sýslumaður hann 1709 (Blanda I, 1918). Ekki er vitað

hvernig á þessari nafnbreytingu stóð, en geta má þess til að ekki hafi þótt hentugt að hafa sama nafn á bænum og ánni og hafi hann þá verið kenndur við skóg sem á jörðinni var. Seinna hefur nafnið afbakast og er nú jafnan sagt Breiðamerkursandur og Breiðamerkursandur en ekki Breiðármerkursandur eins og eflaust hefur verið sagt fram yfir 1700.

Nú er land Breiðármerkur aðeins talið 900 faðmar tólfræðir (1008) frá vestri til austurs (Fjaran), en í Alþingisbók er lengd fjörunnar árið 1587 talin 18. hundruð faðmar tólfræðir og svo er einnig gert í vitnisburði frá 1701 (Jón Eyþórsson, 1952). Hver ástæðan er fyrir þessari breytingu vita menn ekki, en eystri mörkin virðast hafa verið miðuð við grjótrönd í jöklinum um 1700, sem bera átti í kennileiti í Máfabyggðum (Jón Eyþórsson, 1952). Hafi mörkin verið miðuð við rönd í jöklinum hljóta þau að hafa færst vestur þegar jökullinn gekk fram og er hugsanlegt að það sé ástæðan fyrir breytingunni. Sandar í Skaftafellssýslum eru með mjög fáum undantekningum kenndir við bæi eða byggðarlög, og vitað er að Skeiðarársandur hét áður Lómagnúpsandur, þ.e. var kenndur við Núpsstað. Breiðársandur hefur því verið kenndur við bæinn Breiða. Hann hefur verið myndaður af Jökulsá, sem sennilega hefur runnið austanhallt á honum, og getur það skýrt að bærinn var kenndur við Breiða en ekki Fell. Nú eru leifar af aurkeilu milli farvegjar Nýgræðnakvísla og farvegs Stemmu, en alveg óvíst að Breiðársandur hafi verið svo víðáttumikill á Landnámsöld. Austasti hluti jarðarinnar Breiðár hefur því verið gróðurlftill en aðrir hlutar vel grónir. Engum getum skal að því leitt hvað langt var að jökli, þó orð Sigurðar Stefánssonar sýslumanns í sýslulýsingu frá 1746 (Kristian Kálund, 1914) um að Máfabyggðir tilheyri Örefum bendi til sagna um að þau hafi áður fyrr verið nytjaland. En á því svæði sem þá var jökullaust hefur verið vel gróid land, m.a. hafa þar verið mómýrar því fram eftir þessari öld bar Breiða fram allmikið af ágætum mó. Hvernig það hefur verið fyrir